



Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 2. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 2. júní 2015
og hófst kl. 15:00

Fundinn sátu:

Ágúst Þór Bragason, embættismaður
Bjarni Þór Einarsson, byggingarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Bjarni Þór Einarsson,

Dagskrá:

1. Viðbygging við hesthús að Arnargerði 7 Umsókn um byggingarleyfi. - 1504037

Tekin til afgreiðslu byggingarleyfisumsókn frá Hirti Karli Einarssyni. Umsókn um byggingarleyfi til að byggja hlöðu við hesthúsið að Arnargerði 7, landnr. 145163.

Aðaluppdráttur ásamt skráningartöflu gerður af Stefáni Árnasyni byggingarfræðingi, fylgir umsókninni. Uppdráttur nr. 100 í verki nr. 2013-026, dagsettur 03. 05 2015. Uppdrátturinn sýnir einnig viðbyggingu við hesthúsið sem er seinni tíma breyting. Framlögð glögd gögn móttækin 5. maí og síðar gera grein fyrir fyrirhugaðri viðbyggingu. Byggingarleyfi veitt.

2. Brekkubýggð 24 - Umsókn um byggingarleyfi Breyting á gluggum og útihurð. - 1505001

Tekin til afgreiðslu byggingarleyfisumsókn frá Bjarna Pálssyni kt. 120647-2379. Umsókn um byggingarleyfi til að endurnýja glugga og hurðir og breyta með því útliti íbúðarhússins að brekkubýggð 24, landnr. 144871.

Aðaluppdráttur gerður af Stefáni Árnasyni byggingarfræðingi, fylgir umsókninni. Uppdráttur nr. 100 í verki nr. 2015-024, dagsettur 04. 05 2015. Stærð hússins breytist ekki. Framlögð gögn móttækin 5. maí sl. og síðar gera grein fyrir fyrirhuguðum breytingum. Byggingarleyfi veitt.

3. Skúlabraut 14 - Umsókn um bílastæði - 1506002

Tekin er til afgreiðslu umsókn Ásmundar Sigurkarlssonar, eiganda Skúlabrautar 14, um að koma fyrir bílastæði á lóð sinni vestan við húsið að Skúlabraut 14.

Umsókninni fylgir yfirlýsing frá eigendum Skúlabrautar 16 um að þeir geri ekki athugasemd við fyrirhugaðar breytingar. Breytingin samþykkt með því skilyrði að gengið verði frá bílastæðinu og aðkomu að húsinu með varanlegu yfirborði. Framkvæmdaleyfi veitt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00